

## REGLUGERÐ

### um sérstaka viðbótarfjárhæð til elli- og örorkulífeyrisþega sem greiðist af Tryggingastofnun ríkisins á tímabilinu 1. ágúst til 31. desember 2006.

#### 1. gr.

Tryggingastofnun ríkisins skal greiða sérstaka viðbót við bætur til einstaklinga sem eiga rétt á elli- og örorkulífeyrisgreiðslum og bótum þeim tengdum frá stofnuninni á tímabilinu 1. júlí til 31. desember 2006. Viðbótin greiðist út í fimm skipti, í fyrsta sinn 1. ágúst 2006 (fyrir júlí og ágúst) og síðan mánaðarlega 1. hvers mánaðar.

Eftir að reiknaður hefur verið út mánaðarlegur réttur til elli- og örorkulífeyris, tekju-tryggingar, tekju-tryggingarauka og heimilisuppbótar, sbr. 11., 12. og 17. gr. laga nr. 117/1993 um almannatryggingar og 9. gr. laga nr. 118/1993 um félagslega aðstoð, skal greiða viðbót, sbr. 1. mgr., sem nemur mismun mánaðarlegra réttinda og grunnfjárhæðar.

Óskert mánaðarleg grunnfjárhæð hinnar sérstöku viðbótar fyrir einhleypan ellilífeyrisþega er 123.623 kr. og fyrir ellilífeyrisþega í hjúskap eða sambúð 100.459 kr. Óskert mánaðarleg grunnfjárhæð viðbótarinnar fyrir einhleypan örorkulífeyrisþega er 124.724 kr. og fyrir örorkulífeyrisþega í hjúskap eða sambúð 101.560 kr. Grunnfjárhæð hvers einstaklings er fundin með eftirfarandi hætti:

$$\frac{\text{óskert mánaðarleg grunnfjárhæð} \times (205.000 \text{ kr.} - \text{mánaðartekjur})}{205.000 \text{ kr.}}$$

Með mánaðartekjum er átt við 1/12 tekna eins og þær eru skilgreindar í 17. gr., sbr. 10. gr. laga nr. 117/1993. Mánaðartekjur skulu koma til frádráttar óskertri grunnfjárhæð skv. 3. mgr. og fellur viðbótin þannig niður ef útreiknuð grunnfjárhæð reynist jafnhá eða lægri fjárhæð en fjárhæð mánaðarlegra réttinda samkvæmt 2. mgr.

Þeir sem metnir hafa verið til 75% örorku vegna slyss, sbr. 29. gr. laga nr. 117/1993, skulu fá greidda viðbót samkvæmt sömu reglum. Ef örorkulífeyrisþegi fær skertan örorkulífeyri vegna eingreiðslu slysabóta skv. 29. gr. dregst það hlutfall örorkulífeyris sem eingreiðslan nam frá útreiknaðri grunnfjárhæð til viðbótar öðrum frádrætti skv. 3. mgr.

Útreiknuð mánaðarleg grunnfjárhæð skerðist í samræmi við búsetu hér á landi, sbr. 1. mgr. 11. gr. og 4. mgr. 12. gr. laga nr. 117/1993.

Viðbótin samkvæmt þessari reglugerð hefur ekki áhrif á eingreiðslu sem kveðið er á um í reglugerð nr. 1117/2005 um eingreiðslur til elli- og örorkulífeyrisþega árið 2006. Ennfremur hefur viðbótin ekki áhrif til lækkunar á frekari uppbætur skv. 8. gr. reglugerðar nr. 595/1997 um heimilisuppbót og frekari uppbætur samkvæmt lögum um félagslega aðstoð, með síðari breytingum.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með stoð í 66. gr., sbr. 17. og 65. gr. laga nr. 117/1993 um almannatryggingar, með síðari breytingum, og 15. gr. laga nr. 118/1993 um félagslega aðstoð, með síðari breytingum, öðlast þegar gildi.

*Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, 21. júlí 2006.*

**Siv Friðleifsdóttir.**

---

*Davíð Á. Gunnarsson.*

---

B-deild – Útgáfud.: 21. júlí 2006